

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2024.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin fjallaði um málið á milli 2. og 3. umræðu og fékk til sín gesti frá Bændasamtökum Íslands og matvælaráðuneyti.

Við umfjöllun málsins barst nefndinni umsögn, dags. 13. desember sl., frá Bændasamtökum Íslands. Í umsögninni lýstu samtökin yfir óánægju með a- og b-lið 8. tölul. breytingartillögu meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (þskj. 727). Breytingartillagan felur í sér tvær reglugerðarheimildir í búvörulögum, nr. 99/1993, og búnaðarlögum, nr. 70/1998. Reglugerðarheimildir þessar voru lagðar fram fyrir nefndinni í minnisblaði fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 7. nóvember sl., í samráði við matvælaráðuneytið vegna aukins stuðnings til innlendrar framleiðslu á korni til fóðurs og manneldis.

Í umsögn Bændasamtakanna kemur fram að þau telji að tillögurnar feli í sér grundvallar-breytingar á fyrirkomulagi landbúnaðarframleiðslu á Íslandi. Benda þau á að í 2. másl. 3. gr. búnaðarlaga kemur fram að ráðherra skuli gera samning við Bændasamtök Íslands til tíu ára í senn um verkefni samkvæmt lögum þessum og framlög til þeirra. Jafnframt kemur fram í 2. mgr. sömu greinar að ríkissjóður veiti árlega framlög til verkefna samkvæmt lögnum, eru þar meðal annars taldir upp málaflökkarnir átaksverkefni og þróun. Þá nefna Bændasamtökin að fram komi í orðskýringum 2. gr. laganna að búvörur nái yfir afurðir nytjajurta og þar falla undir m.a. allar tegundir korns.

Matvælaráðuneytið hefur bent á að ásetningurinn með reglugerðarheimildunum sé sá að útfærsla umfangsmikilla fjárútláta, sem gera ráð fyrir mati stjórnvalda, komi frekar fram í reglugerð. Slíkt sé frekar í anda vandaðrar stjórnsýslu en að útfærslan komi fram í stjórnvaldsfyrirmælum sem hafi ekki sérstaka lagastoð. Þá telur ráðuneytið að aðgerðir vegna framangreinds stuðnings séu víðtækari en jarðræktarstuðningur sem fram kemur m.a. í 6. og 7. gr. reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað nr. 430/2021. Jafnframt telur ráðuneytið æskilegt og í samræmi við góða stjórnsýsluhætti og gagnsæi í ráðstöfun fjármuna að tryggja heimildir til handa ráðherra að útfæra slíkan sérstakan stuðning og verkefni sem falla utan búvörusamninga með stjórnvaldsfyrirmælum.

Meiri hlutinn beinir því til ráðuneytisins að hafa í huga að ákjósanlegast er að ákvæði sem þessi komi fram við framlagningu frumvarpa, en ekki sem breytingartillaga við 2. umræðu, enda gefist Bændasamtökum Íslands og öðrum hagsmunaaðilum þá ríkari möguleiki á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við fastanefndir þingsins.

Breytingartillaga.

Breyting á lögum um úrvinnslugjald (28. gr.).

Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Skatturinn vöktu athygli nefndarinnar á því að þær breytingar sem í 28. gr. eru lagðar til á viðauka XVI við lög um úrvinnslugjald tækju ekki

mið af breytingum sem orðið hafa á tollskrá með auglýsingu um breytingu á tollskrá, skv. 189. gr. tollalaga, nr. 88/2005. Því væri í viðaukanum að finna tollskrárnúmer sem væru fallin brott. Tilvísun til þess hversu oft hver fjárhæð tæki breytingum í viðaukanum væri því ekki í samræmi við tollskrána. Leggur meiri hlutinn því til breytingu þess efnis að í stað þess að tiltaka nákvæman fjölda þeirra tilvika sem krónutalan tekur breytingum verði notast við orðalagið „hvarvetna í viðaukanum“. Ekki felst í tillögunni efnisleg breyting.

Að framangreindu virtu leggur meiri hlutinn til að málið verði **samþykkt** með eftirfarandi :

BREYTINGU:

28. gr. orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka XVI við lögina:

- a. Í stað „40 kr./kg“ hvarvetna í viðaukanum kemur: 65 kr./kg.
- b. Í stað „8 kr./kg“ í viðaukanum kemur: 13 kr./kg.
- c. Í stað „20 kr./kg“ í viðaukanum kemur: 33 kr./kg.
- d. Í stað „80 kr./tæki“ í viðaukanum kemur: 130 kr./tæki.
- e. Í stað „320 kr./tæki“ hvarvetna í viðaukanum kemur: 520 kr./tæki.
- f. Í stað „400 kr./tæki“ hvarvetna í viðaukanum kemur: 650 kr./tæki.
- g. Í stað „480 kr./tæki“ hvarvetna í viðaukanum kemur: 780 kr./tæki.
- h. Í stað „640 kr./tæki“ hvarvetna í viðaukanum kemur: 1.040 kr./tæki.
- i. Í stað „1.000 kr./tæki“ hvarvetna í viðaukanum kemur: 1.625 kr./tæki.
- j. Í stað „1.200 kr./tæki“ í viðaukanum kemur: 1.950 kr./tæki.
- k. Í stað „1.400 kr./tæki“ hvarvetna í viðaukanum kemur: 2.275 kr./tæki.
- l. Í stað „1.600 kr./tæki“ hvarvetna í viðaukanum kemur: 2.600 kr./tæki.
- m. Í stað „1.800 kr./tæki“ hvarvetna í viðaukanum kemur: 2.925 kr./tæki.
- n. Í stað „2.000 kr./tæki“ í viðaukanum kemur: 3.250 kr./tæki.
- o. Í stað „2.400 kr./tæki“ hvarvetna í viðaukanum kemur: 3.900 kr./tæki.
- p. Í stað „3.000 kr./tæki“ hvarvetna í viðaukanum kemur: 4.875 kr./tæki.
- q. Í stað „4.000 kr./tæki“ hvarvetna í viðaukanum kemur: 6.500 kr./tæki.
- r. Í stað „5.600 kr./tæki“ hvarvetna í viðaukanum kemur: 9.100 kr./tæki.
- s. Í stað „8.000 kr./tæki“ hvarvetna í viðaukanum kemur: 13.000 kr./tæki.
- t. Í stað „9.200 kr./tæki“ hvarvetna í viðaukanum kemur: 14.950 kr./tæki.
- u. Í stað „18.000 kr./tæki“ hvarvetna í viðaukanum kemur: 29.250 kr./tæki.
- v. Í stað „21.000 kr./tæki“ hvarvetna í viðaukanum kemur: 34.125 kr./tæki.
- w. Í stað „24.000 kr./tæki“ hvarvetna í viðaukanum kemur: 39.000 kr./tæki.
- x. Í stað „28.000 kr./tæki“ hvarvetna í viðaukanum kemur: 45.500 kr./tæki.
- y. Í stað „32.000 kr./tæki“ hvarvetna í viðaukanum kemur: 52.000 kr./tæki.
- z. Í stað „36.000 kr./tæki“ hvarvetna í viðaukanum kemur: 58.500 kr./tæki.
- aa. Í stað „40.000 kr./tæki“ hvarvetna í viðaukanum kemur: 65.000 kr./tæki.

Alþingi, 14. desember 2023.

Teitur Björn Einarsson,
form., frsm.

Ágúst Bjarni Garðarsson.

Stefán Vagn Stefánsson.

Steinunn Þóra Árnadóttir.

Vilhjálmur Árnason.